


## Leiðréttingar á búferlaflutningsskýrslum 2007

Við gæðaathugun í janúar 2009 kom í ljós að óvenju margar tilkynningar um flutning til landsins árið 2007 voru ekki skráðar í Þjóðskrá fyrr en á fyrri hluta árs 2008. Aðeins um 70% allra aðflutninga til landsins árið 2007 voru þannig skráð á því ári, en að jafnaði er þetta hlutfall um 90%. Þar sem flutningar á árinu 2007 voru jafnframt óvenju margir höfðu skráningartafirnar veruleg áhrif á mat Hagstofunnar á búferlaflutningum til og frá landinu árið 2007 sem og tölur um mannfjöldann 1. janúar 2008. Alls voru 3.277 flutningar ársins 2007 skráðir á fyrstu 6 mánuðum ársins 2008 en undir eðlilegum kringumstæðum hefðu um 2.100 þeirra verið skráðir á réttu flutningsári. Mynd 1 sýnir glögglega umfangið 2007 miðað við árabilið 1996–2006. Athugun á skráningum á brottflutningum ársins 2007 sýnir lítilsháttar tafir á desemberflutningum fram í janúar árið eftir. Engar tafir eru hins vegar sjáanlegar á skráningu innanlandsflutninga.

**Mynd 1. Fjöldi skráðra aðflutninga 1996–2007 á fyrstu 6 mánuðum eftir flutningsár**



Fyrir réttu ári birti Hagstofan tölur um búferlaflutninga ársins 2007. Þar kom fram að aðfluttir umfram brottflutta það ár hefðu verið 3.352 og fækkað mjög frá árinu 2006 þegar talan nam alls 5.535 manns. Væri ekkert að gert myndi Hagstofan nú halda því fram að aðfluttum umfram brottflutta árið 2008 hefði lítillega fækkað frá 2007, eða í 3.179 manns.

Eins og gefur að skilja, þá er reyndin hins vegar nokkuð önnur. Flutningarnir árið 2007 voru álfka margir og 2006. Þeim fækkaði hins vegar mjög snarlega á árinu 2008. Til að leiðrétta þetta og koma í veg fyrir að tímaráðirnar gefi ranga mynd til frambúðar hefur Hagstofan ákveðið leiðréttu tölurnar fyrir árin 2007 og 2008. Aðferðin til þess er í sjálfu sér einföld. Tölurnar á bak við 2007-línuna á mynd 1 voru færðar niður í átt að venjulegu árferði, þannig að um 10% heildarflutninga ársins 2007 voru skildir eftir sem „skráðir“ á árinu 2008. Bakfærslan fór fram með slembiaðferð fyrir hvern mánuð. Svipuð aðferð var notuð til að rétta af brottflutninga í desember 2007 sem tafðist að skrá fram í janúar árið eftir.

Með því að einskorða bakfærslurnar við fyrstu 6 mánuði ársins 2008 er komist hjá því að hreyfa við miðárstölum 2008, þannig að áhrifin á mannfjöldatölur Hagstofunnar eru einskorðaðar við 1. janúar 2008 sem verða leiðréttar jafnframt fréttatilkynningu um mannfjöldatölur 1. janúar 2009 hinn 24. febrúar 2009.

Hagstofan ákvað að gera þessa leiðréttingu í eitt skipti vegna þess að uppgjör búferlaflutninga eftir skráningarári er að öðru leyti afar heppileg aðferð til að birta tiltölulega nákvæmar tölur um búferlaflutninga um það bil einum og hálfum mánuði eftir lok viðmiðunartímabilsins. Hagstofan birtir einnig mannfjöldatölur 1. janúar ár hvert með svipuðum hraða og af því að uppgjörsaðferðin er sú sama ríma þær tölur mjög vel. Þar sem um einstakt ástand er að ræða var ekki talin ástæða til að breyta um aðferð, eins og t.d. að tefja birtingu allra talna um einhverja mánuði.

Eftirfarandi skref verða tekin til að bæta og efla hagskýrslugerð um búferlaflutninga og mannfjölda:

- Hagstofan mun stofna nýja tímaröð sem birt verður 26. mars næstkomandi og gerir upp búferlaflutninga eftir flutningsdegi. Þær tölur verða jafnan uppfærðar eftir því sem nýjar heimildir leyfa. Vegna skráningartafa verður hins vegar aðeins hægt að birta nýjustu tölur með árs töf. Að baki tímaröðinni verður nýr lýðfræðilegur gagnagrunnur sem Hagstofan mun reka, en auk búferlaflutninga verða í honum fæðingar og andlát.
- Settar hafa verið verklagsreglur í Mannfjölda- og manntalsdeild þess efnis að í maí eða júní á hverju ári munu starfsmenn deildarinnar athuga hvort sérstakar tafir hafa orðið á skráningu flutningstilkynninga frá árinu áður. Verði tafirnar umtalsverðar og hafi marktæk áhrif, t.d. meira en hálf prósenta af mannfjöldanum, þá skal metið hvort grípa þurfi til leiðréttinga af því tagi sem hér er lýst.